

## AUGLÝSING

### um útlvarpsgjald.

Útlvarpsgjald sbr. 22. gr. útlvarpslaga nr. 68/1985 hefur verið ákveðið sem hér segir:  
Í janúar- og febrúarmánuði 1989:

Fyrir full afnot . . . . . kr. 2 340  
Fyrir hljóðvarpsafnot eingöngu . . . . . kr. 780

*Menntamálaráðuneytið, 27. desember 1988.*

**Svavar Gestsson.**

*Pórunn J. Hafstein.*

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð um útlvarp skv. tímabundnum leyfum nr. 511/1986 með áorðnum breytingum.

#### 1. gr.

25. gr. orðist svo:

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 8. gr. og 38. gr. útlvarpslaga nr. 68/1985 og öðlast þegar gildi. Reglugerð þessi gildir til 31. desember 1989.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 27. desember 1988.*

**Svavar Gestsson.**

*Pórunn J. Hafstein.*

## REGLUGERÐ

### um innheimtu þinggjalda á árinu 1989.

#### 1. gr.

Álögð þinggjöld á tekjur og eignir ársins 1988 skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 1989. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

#### 2. gr.

Þar til álagning ársins 1989 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Greiðslan skal nema á hverjum gjalddaga 12,4% af þeim þinggjöldum er honum bar að

greiða á árinu 1988. Að því er menn varðar er þó einungis átt við önnur þinggjöld gjaldársins 1988 en tekjuskatt.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal ekki innheimta fyrirframgreiðslu ef hún nær ekki 1 000 kr. á mánuði hjá hverjum gjaldanda.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1989 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema rauntekjur hans hafi lækkað svo mjög milli ára 1987 og 1988 að tekjuskattstofn á tekjuárinu 1988 sé meira en 25% lægri en tekjuskattstofn hans var á tekjuárinu 1987 eftir að síðarnefnd fjárhæð hefur verið hækkuð um 24%. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra, enda hafi fjölskylduástandur gjaldanda breyst eða aðrar aðstæður skert gjaldþol hans verulega.

Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuaðila.

6. gr.

Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr., eru skyldugir að kröfu innheimtumanns að halda eftir af kaupi launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum 110. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu launagreiðendur aldrei halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á gjöldum samkvæmt lögum nr. 75/1981, gjöldum samkvæmt IV. kafla laga nr. 73/1980 og afdrætti opinberra gjalda samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Afdráttur af launum vegna staðgreiðslu skal ávallt ganga fyrir afdrætti af launum vegna eldri skattskulda og gjalda.

7. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 1989 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110. gr., 113. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1988.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

Lárus Ögmundsson.